



Meðferð heimilda

(Samantekt: Símon Jón Jóhannsson v09)

Heimildaskrár eru notaðar til að telja upp heimildir og stuðningsrit sem notaðar eru við gerð ritverka. Þær eru hafðar í lok ritsmíðar og heimildum raðað í stafrófsröð eftir höfundanöfnum. Tilvísanir eru notaðar til að upplýsa lesendur um hvar finna megi beinar og óbeinar tilvitnanir í heimildum. Gæta verður þess að samræmi sé á milli tilvísana og heimildaskrár. Ritsmíðar annarra má aldrei nota án þess að geta þeirra með tilvísunum og skráningu heimildar í heimildaskrá. Það er þó auðvitað hægt að lesa sér til um efni í textum annarra án þess að vísa til slíkra rita sérstaklega í eigin texta en þá verður að geta þeirra í heimildaskrá. Þegar beinar tilvitnanir eru notaðar verður að gæta þess sérstaklega vel að fara rétt með textann. Margar ólíkar reglur eða kerfi eru til um það hvernig eigi að skrá heimildir en hér er miðað við svokallað APA-kerfi, sem er m.a. mjög algengt í íslenskum háskólum.

Heimildaskrá - skv. APA-kerfi.

Bækur

Höfundur. (Útgáfuár). *Titill* (x útg.) Útgáfustaður: Útgefandi.

Erlendum höfundum er raðað í stafrófsröð í heimildaskrá samkvæmt eftirnöfnum.

Útgáfu er ekki getið sé um fyrstu útgáfu að ræða.

Dæmi:

Arnaldur Indriðason. (2002). *Grafarþögn* (2.útg.) Reykjavík: Vaka-Helgafell.

Fulsås, Narve. (2003). *Havet, døden og været. Kulturell modernisering i Kyst-Noreg 1850 – 1950*. Oslo: Det norske samlaget.

Hörður Ágústsson. (1998). *Íslensk byggingararfleifð 1: Ágrip af húsagerðarsögu 1750-1940*. Reykjavík: Húsafriðunarnefnd ríkisins.

Fleiri en einn höfundur

Dæmi:

Holbek, Bengt og Piø, Iørn. (1979). *Fabeldyr og sagnfolk*. Kaupmannahöfn: Politikens forlag.

Bækur með ritstjórn

Ritstjóri. (ritstj.) (Útgáfuár). *Titill* (x útg.) Útgáfustaður: Útgefandi.

Dæmi:

Mirzoeff, N. (ritstj.). (2002). *The visual culture reader* (2. útg.). London: Routhledge.

Tímaritsgreinar

Höfundur. (Útgáfuár og dagur ef það á við). Titill greinar og undirtitill. *Heiti tímarits eða dagblaðs, undirheiti, árgangur* (eintaksnúmer), blaðsíðutal.

Dæmi:

Aðalsteinn Ingólfsson. (Haust 1989). Listsköpun á labbitúr: viðtal við Richard Long. *Teningur*, 5(8), 46-50.

Blaðgreinar**Dæmi:**

Gunnar Pálsson. (4. október 2000). Jólasveinarnir voru bræður mínir. *Morgunblaðið*, bls. 13. (blaðsíðutali má sleppa)

Grein eða kafli úr ritstýrðri bók**Dæmi:**

Hannes Sigurðsson. (1998). Með auga fyrir hinu forboðna: á píslarslóðum Joel-Peter Witkins. Í Jón Proppé (ritstj.), *Flögð og fögur skinni* (bls. 229-330). Reykjavík: Íslenska menningarsamsteypa art.is.

Hvorki höfundur né ritstjóri

Biblían. Heilög ritning. (1981). Reykjavík: Hið íslenska Biblíufélag.

Ljósmyndir, teikningar, listaverk og fleira þess háttar.

Höfundur/ljósmyndari/arkitekt. (Ártal). Titill. [Ljósmynd, teikning, o.s. frv].

Staðsetning (ef við á).

Dæmi:

Halldór Árni Sveinsson. (1999). *Nakin stúlka*. [Listaverk]. Flensborgarskólinn.

Jón Jónsson. (1952). *Hafnarfjörður*. [Ljósmynd]. Byggðasafn Hafnarfjarðar.

Myndbönd**Dæmi:**

Björn Th. Björnsson (umsjón) og Valdimar Leifsson (stjórnandi). (1987). Rökkur og afturelding. Í *Aldaslóð: leiftur úr listasögu* [Myndband]. Reykjavík: RÚV.

Whitford, Frank (höfundur og umsjón). (1994). *Bauhaus: the face of the 20th century* [Myndband]. London: BBC.

Geisladiskar**Dæmi:**

Englaryk í tímaglasi. (2002). [Geisladiskur]. Reykjavík: Sena.

Pétur W. Kristjánsson. (2008). *Algjör sjúkheit*. [Geisladiskur]. Reykjavík: Sena.

Vefsíður

Höfundur. (Útgáfudagur á Netinu). Titill. Dagsetning þegar efni er sótt og vefslóðin.

Dæmi:

Egill Helgason. (18.6.2007) *Folegandros*. Sótt 3. mars 2009 af <http://silfrid.blog.is/blog/silfrid/>

Woodrow, Ross. (1997-2000). *Art theory: essay writing guide*. Sótt 11. janúar 2009 af <http://www.newcastle.edu.au/discipline/fine-art/theory/essayguide/essay.htm>

Tímaritsgreinar á vefnum

Höfundur. (Útgáfudagur á Netinu). Titill. Heiti tímarits, árgangur nr. og bls. Dagsetning þegar efni er sótt og vefslóðin.

Dæmi:

Stuckey, H. (Ágúst 1999). Signs of Life: Melbourne International Biennial. *Globe e*, (10). Sótt 11. október 2008 af <http://www.arts.monash.edu.au/visarts/globe/ghome.html>
Styrmir Goðason. (23. febrúar 2009). Þú berð ábyrgð. *Vefritið*. Sótt 3. mars 2009 af <http://www.vefritid.is/>

Greinar úr rafrænum gagnasöfnum

Höfundur. (Útgáfudagur á Netinu). Titill greinar. Heiti gagnasafns. Dagsetning þegar efni er sótt og vefslóðin.

Dæmi:

Nanna Rögnvaldardóttir. (1998). Bjúgu. *Snara vefbókasafn*. Sótt 10. desember 2008 af <http://snara.is/>

APA kerfið gerir ekki ráð fyrir að munnlegar heimildir og tölvupóstur séu sett í heimildaskrá, heldur aðeins sem tilvísun í texta.

Viðtöl

Sveinn Þórðarson (viðtal, 3. mars 2009).

Tölvupóstur

Steinhildur Hildimundardóttir (tölvupóstur 3. mars 2009)

Tilvitnanir/ tilvísanir

APA-kerfi (svigakerfi)

a) Tilvitnanir/ tilvísanir (svigar)

Inni í texta er nafn höfundar, ártal og blaðsíðutal (ef við á) skrifað innan sviga.

Dæmi:

(Magnús Þorkelsson, 1998, bls. 10) eða (Magnús Þorkelsson, 1998).

Ef fleiri en eitt rit eru eftir sama höfund, með sama útgáfuár, eru tilvísanirnar auðkenndar með a, b, ... o.s.frv.

Dæmi:

(Magnús Þorkelsson, 1998a, bls. 10).

Í heimildaskránni aftast er svo ritið skráð þannig að auðvelt sé að sjá hvaðan tilvitnunin er tekin, því að færslurnar byrja á nafni höfundar og sýna ártal.

b) Tilvitnanir/ tilvísanir (neðanmálgreinar)

Sett er tilvísunartala aftan við tilvitnun og vísað til heimildar eða skýringar neðanmáls.

Dæmi:

¹ Magnús Þorkelsson, 1998, bls. 10.

Beinar tilvitnanir

a) Bein tilvitnun er skilin frá megintexta með breyttri spássíu og smærra lettri. Notað um lengri tilvitnanir – sem eru lengri en þrjár línur. Tilvitnunin er dregin inn á báðum spássíum, línubilið þrengt og letrið minnkað (t.d. úr 12 punktum í 11 punkta) Gæsalappir eru EKKI notaðar.

Dæmi:

Þau Sigríður voru vinnufólk í Melkoti næstu þrjú árin en árið 1896 giftu þau sig og bjuggu sér heimili á Laugarvegi 32. Þar fæddist þeim sonur árið 1902.

Fróðir menn segja mér að ég muni ekki hafa fæðst í timburhúsinu uppí lóðinni á Laugarvegi 32 þar sem stelpan misti mig útum gluggann, heldur muni það hafa gerst í steinbænum fast við götuna þar sem kötturinn stökk uppí vögguna til að læsa klónum í andlitið á barninu meðan það svaf; og var hengdur fyrir vikið. (Halldór Laxness, 1975, bls.7.) eða ¹

Þannig farast Halldóri orð í endurminningabókinni *Í túninu heima* um hingaðkomu sína í þennan heim.

b) Bein tilvitnun felld inn í meginmál og notaðar gæsalappir. Notað um styttri tilvitnanir – sem eru þrjár línur eða styttri.

Dæmi:

Og hann man hana sitjandi á rúmstokknum í horninu sínu, kembandi ull, þrjónandi og spinnandi og þar hafði hún gjarnan drenginn hjá sér, spjallaði við hann og uppfræddi á meðan hún sinnti störfum sínum. „Hún fóstraði mig, ól mig upp, ... var mér afar hlý og hélt á mér langtímum saman,“ (Ólafur Ragnarsson, 2002, bls. 64) (eða ²) segir hann í samtali löngu síðar þegar hann rifjar upp kynni sín af gömlu konunni.

Dæmi um heimildaskrá:

Bryndís Haraldsdóttir. (2003). *Valfrelsi í menntamálum*. Sótt 17. mars 2009 af

<http://tikin.is/tikin/leitarnidurstodur/frettir>

Bæksted, Anders. (1986). *Goð og hetjur í heiðnum sið. Alþýðlegt fræðirit um goðafræði og hetjusögur*. Reykjavík: Örn og Örlygur.

Fréttablaðið. (6. júní 2005). Tæknivætt heimsporp í Grábrókarhrauni.

Gerður Kristný. (2002). *Eitruð epli*. Reykjavík: Mál og menning.

Inga Rósa Þórðardóttir. (3. janúar 2005). Gefum góðar nýársgjafir. *Fréttablaðið*.

Ingibjörg Axelsdóttir og Þórunn Blöndal. (2000). *Handbók um ritun og frágang*. Reykjavík: Iðunn.

Mbl.is. (2006). Þrír látnir eftir átök lögreglu og mótmælenda í Nepal. Sótt 20. apríl 2006 af <http://www.mbl.is/mm/frettir/erlent/vikufrettir/.html>

Soven, Margot Iris. (1999). *Teaching writing in middel and secondary schools. Theory, research and practice*. Boston: Allyn & Bacon.

Þórir Pálsson. (2008). Það veitir ekki af. *Tímarit máls og menningar*. Reykjavík: Mál og menning, 2 (68), 46-50.

¹ Halldór Laxness, 1975, bls. 7.

² Ólafur Ragnarsson, 2002, bls. 64.